

Sprotasjóður RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri
Borgum v/Norðurslóð - 600 Akureyri

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna þróunarverkefnis.

Ný markmið aðalnámskrár: Sex grunnþættir menntunar.
Vinna að gerð nýrrar skólanámskrár leikskólans Krummakots í tengslum við nýja aðalnámskrá.

Hugrún Sigmundsdóttir

12/12/2013



Efnisyfirlit

Nafn skóla	2
Nafn verkefnisins	2
Nafn verkefnisstjóra	2
Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk.....	2
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	2
Hvað er mikilvægast/skiptir okkur mestu máli í starfi skólans.....	3
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	5
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	6
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	6
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn.....	6
Niðurstöður verkefnisins	6
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	6
Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um	6
Undirskrift.....	7
Námskrárteymi	7

Nafn skóla: Leikskólinn Krummakot, Laugatröð 4, 601 Akureyri

Nafn verkefnisins: Ný markmið aðalnámskrár: Sex grunnþættir menntunar.

Nafn verkefnisstjóra: Inga Bára Ragnarsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk:

No. 118. 2012-2013.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að sex grunnþættir menntunar endurspeglast í leikskólastarfinu.
- Að leikskólakennarar nái að tileinka sér markmið nýrrar aðalnámskrár og hafi þau til hliðsjónar í öllu leikskólastarfi.
- Að þróa ný markmið aðalnámskrár leikskóla inn í leikskólastarfið.
- Að vinna nýja skólanámskrá leikskólans Krummakots með áherslum á markmið nýrrar aðalnámskrár.

Í janúar 2012 var farið af stað með vinnu við skólanámskrá leikskólans Krummakots með það að markmiði að leikskólakennarar tileinki sér markmið nýrrar aðalnámskrár og að þau markmið endurspeglast í öllu leikskólastarfinu. Fundin var leið og markmið að stefna að í þeirri vinnu en erfiðara reyndist að finna tíma til að vinna vinnuna. Vinnudagur leikskólakennara er annasamur og ekki gefst mikill tími í erli dagsins til að viðá að sér nýjum fróðleik eða eiga faglegar umræður um skólastarfið. Einn starfsmannafundur er í hverjum mánuði, 2 klst. í senn og einu sinni í hverjum mánuði er reynt að koma því við að starfsmenn á hverri deild setjist niður í 1 klukkustund til að ræða saman um starf deildarinnar.

Tilgangur þróunarstarfs um aðalnámskrá leikskóla er að sú vinna verði fagleg og skili sér inn í leikskólastarfið og til foreldra.

Meginþungi umsóknar felst í því að sækja um styrk fyrir aukinni vinnu við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í formi fleiri starfsmannafunda fyrir utan vinnutíma leikskólakennara.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í janúar 2012 var farið í þá vinnu að gera styttri útdrætti úr hverjum grunnþætti menntunar sem fram koma í aðalnámskrá. Einnig voru sett fram hugtök sem tengdust hverjum grunnþætti. Þessi vinna var unnin af stjórnanda leikskólans. Á vorönninni vann starfsfólk síðan í smærri hópum að því að setja fram áherslur leikskólans í hverjum þætti fyrir sig. Sett voru fram markmið og leiðir ásamt því að tilgreina hvernig starfið skyldi metið.

Sumarið 2012 urðu breytingar á stjórnun og starfsliði leikskólans sem höfðu í för með sér röskun á þróunarstarfinu. Hlé var gert á verkefnum og fenginn frestur hjá Sprotasjóði til desember 2013. Haustið 2012 var skipað fjögurra manna skólanámskráarteymi og áhugi starfsmanna látinn ráða vali. Teymið var skipað eftirfarandi aðilum:

Helen Heiðrós Ármannsdóttir, deildarstjóri

Hugrún Sigmundsdóttir, stjórnandi leikskólans

Rósfríður Fjóla Þorvaldsdóttir, sérkennslustjóri og

Sigurveig Björnsdóttir, leikskólakennari.

Verkefnastjóri, Inga Bára Ragnarsdóttir, hafði verið skipaður en hún fór í ársleyfi í janúar 2013 og tók þá teymið við stjórn verkefnisins.

Byrjað var af fullum krafti á vorönn 2013. Á starfsmannafundi í febrúar voru kynntar grunnhugmyndir teymisins um vinnubrögð og aðkomu starfsfólks. Þar þótti mikilvægast

- að mótuð yrði skólasýn og
- að allir starfsmenn kæmu að vinnunni og ættu sinn þátt í henni. Lýðræðisleg vinnubrögð gegna lykilhlutverki og eru vænleg til að tryggja sameiginlegan skilning og sýn, eignarhald og hollustu við væntanlega skólanámskrá.
- Fá fram sjónarmið leikskólabarna og foreldra og hafa þau til hliðsjónar við gerð skólanámskrár.

Byrjað var á að skipta starfsmannahópnum upp í fjóra hópa þvert á deildir og aðra starfsmenn. Ræddar voru eftirfarandi lykilspurningar til að fá fram viðhorf og áherslur starfsfólks:

Hvað er mikilvægast/skiptir okkur mestu máli í starfi skólans:

1. Gagnvart nemendum?
2. Gagnvart foreldrum?
3. Gagnvart samélagi?
4. Gagnvart umhverfi?
5. Gagnvart starfsfólki?
6. Hverjir eiga megináherslurnar í starfinu að vera?
7. Hvað einkennir góðan kennara/leiðbeinenda?
8. Hver erum við?
9. Hvað viljum við?
10. Hvernig vinnum við?

Svör við þessum grunnspurningum voru tekin saman og farið yfir þau í starfsmannahópnum.

Í maí voru fengnir ráðgjafar við verkefnið frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri. Það voru þær Helga Rún Traustadóttir og Sólveig Zophaníasdóttir. Þær hittu teymið þrisvar á tímabilinu og gáfu góð ráð og ábendingar. Í samstarfi við ráðgjafana var ákveðið að vinna skólanámskrána út frá viðfangsefnum leikskólans, áherslupáttum og dagskipulagi. Ákveðið var að prófa að skrifa skólanámskrána út frá dagskipulagi og bæta síðan við því sem ekki á beinlínis heima þar undir, s.s. agastefna skólans, dygðastarf, foreldrasamstarf, mat á skólastarfinu. Mikill áhugi var að hafa skólanámskrána þannig úr garði gerða að hún væri áhugaverð og auðlesin fyrir foreldra og starfsfólk. Námskráin á að vera til þess að skerpa fókusinn hjá starfsfólki og því mikilvægt að allir þekki vel til hennar og tileinki sér hana í hvívetna. Unnin var upp verk- og tímaáætlun fyrir sumar/haustönn 2013.

Allir starfsmenn fengu greiddar fjórar klst. til að lesa og rýna aðalnámskrá leikskóla. Síðan völdu menn sér tvö námssvið út frá áhugasviði hvers og eins (þó takmarkaður fjöldi í hverjum hópi). Unnið var út frá dagskipulagi deilda og hver þáttur skoðaður fyrir sig með tilliti til grunnþáttanna. Þetta voru t.d. móttaka, máltíðir, hópastarf, frjáls leikur, fataherbergistími, hvíld, söngstundir, sögustundir, útivera, vettvangsferðir.

Spurningar sem við höfðum í huga voru:

- **Hvernig birtist viðkomandi grunnþáttur í starfinu, þ.e. hvað erum við að gera vel og erum ánægð með t.d. í heilbrigði og vellíðan ?**
- **Er eitthvað sem við getum gert betur / öðruvísi ?**
- **Er eitthvað sem við gætum sleppt ?**
- **Er eitthvað sem vantar ?**
- **Hvaða leiðir förum við?**
- **Annað sem tengist skólanámskrárvinnunni sem hópurinn vill láta koma fram.**

Í hópunum var lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð, þ.e. að allir fengju sérstakt tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri án þess að vera truflaður. Hópstjórar gáfu ca. 5 mín á mann til að tjá sig. Aðrir hlustuðu, einn skáði niður.

Í þessa vinnu fóru samanlagt 6 klukkustundir. Þegar henni var lokið var unnið í svokölluðum þratarþyrlisstíl á starfsmannafundi. Sú vinna fólst í því að hver hópur fékk afrakstur hinna hópanna, las yfir og bætti við atriðum sem þeim þótti vanta í textann eða komu með ábendingar. Þannig var tryggt að allir starfsmenn kæmu að öllum námssviðunum.

Ákveðið var að leita eftir víðtækri þátttöku foreldra í aðkomu þeirra að skólanámskránni og var auglýst vinna við skólanámskráargerð á foreldrafundi í september 2013 og öllum boðið að taka þátt. Fyrir fundinn var búið að senda foreldrum Leiðarljós í leikskóla (bls 32 – 34 í

Aðalnámskrá leikskóla 2011) auk þriggja spurninga sem þeim var ætlað að ræða í hópum og skila af sér á sérstöku blaði. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hvað gerir leikskólinn vel í sínu starfi?
2. Hvað gæti leikskólinn gert betur?
3. Hvað skiptir mestu máli fyrir þig/ykkur að barnið læri/tileinki sér í leikskólanum?

Lagðar voru spurningar fyrir nemendur þriggja elstu árganganna. Þær voru eftirfarandi:

1. Hvar líður þér best í leikskólanum?
2. Hvað finnst þér skemmtilegt í leikskólanum úti/inni? Finnst þér við gera það nógu oft?
3. Er eitthvað sem þér finnst erfitt í leikskólanum úti/inni?
4. Er eitthvað sem þér finnst að við ættum að gera í leikskólanum,sem við erum ekki að gera?
5. Er þér strítt? Ef já. Hvar?

Skólanámskrárteymið vann upp niðurstöður úr vinnu foreldra og nemenda og lagði fram til kynningar í starfsmannahópnum.

Þegar búið var að safna gögnum frá öllum úr skólasamfélaginu, starfsfólki, nemendum og foreldrum hóf skólanámskrárteymið að skrifa fyrstu kaflana um hvern þátt í dagskipulaginu. Leitast var við að tengja námsvið aðalnámskrár þar inn ásamt því sem fram kom í gögnum frá starfsfólki, foreldrum og nemendum. Kaflarnir voru síðan kynntir á starfsmannafundi og óskað eftir athugasemdum. Haldið var síðan áfram að skrifa fleiri kafla út frá dagskipulagi leikskólans, skilgreina sýn leikskólans, starfshætti og áherslur. Kaflarnir voru sendir til ráðgjafanna til yfirlestrar með óskum um athugasemdir. Þannig er hugmyndin að vinna skólanámskrána áfram og kynna jafnóðum fyrir starfsmannahópnum það sem komið er þannig að starfsfólki gefist áfram kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Töluverð breyting varð á vinnu þróunarverkefnisins á tímabilinu og tímaramminn stóðst ekki. Ástæðurnar má fyrst og fremst rekja til þess að breytingar urðu í stjórnun leikskólans. Stjórnandi sem hafði sótt um þróunarverkefnið hætti störfum á miðju ári 2012 og nýr stjórnandi hóf störf í september sama ár. Einnig urðu þónokkrar breytingar í

starfsmannahópnum. Vegna þessara breytinga var ákveðið að sækja um frest til Sprotasjóða og fékkst hann framlengdur til áramóta 2013.

Breyting varð á uppsetningu verkefnisins, þannig að í stað þess að setja það upp með útdrætti úr hverjum grunnþætti, lykilorðum, markmiðum og leiðum var ákveðið að leitast við að samþætta námsviðin í dagskipulag leikskólans.

Verkefnið hefur reynst viðameira en áætlað var. Sú leið að leitast eftir þátttöku allra, starfsfólks, foreldra og nemenda við undirbúning námskrárgerðar tók langan tíma. Við trúum því að það muni skila sér þegar fram í sækir og að þessir aðilar finni að þeirra aðkoma skilar sér inn í nýja skólanámskrá.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Breytingar í starfsmannahóp og verkefnisstjórn voru ákveðnar hindranir.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Allir starfsmenn hafa lesið aðalnámskrá leikskóla og fengið tækifæri til þess að ígrunda innhald hennar í smærri hópum. Aðkoma foreldra og barna hefur styrkt verkefnið og haft jákvæð áhrif á leikskólasamfélagið. Með því að vinna námskrána út frá dagskipulaginu hefur verið rýnt í hvern þátt starfsins og reynt að tengja námsviðin við hvern þátt eins og kostur er.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Hugmyndafræðin sem liggur til grundvallar nýju aðalnámskránni er komin nokkuð vel á veg í leikskólastarfinu. Þar sem verkefninu er ekki lokið er þó ekki hægt að leggja endalegt mat á árangurinn. Verkefnið hefur haft í för með sér endurskoðun á starfsháttum og á skólasýn. Verkefnið mun tvímælalaust hafa áhrif á skólastarfið, vinnubrögð verða skilmerkilegri og samræmdari.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefninu er ekki lokið en er komið í góðan farveg til framtíðar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Námskráin kemur til með að verða aðgengileg á heimsíðu leikskólans. Þar að auki er velkomið að kynna öðrum verkefnið ef eftir því verður óskað.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Það hefur verið ómetanlegt að fá styrk úr Sprotasjóði til þess að vinna verkefnið sem er mjög tímafrekt og krefst aðkomu allra í skólasamfélaginu.

Undirskrift og dagsetning:

20. desember 2013



Hugrún Sigmundsdóttir skólastjórnandi

Námskrárteymi:

Helen Ármannsdóttir

Hugrún Sigmundsdóttir

Rósfríður Fjóla Þorvaldsdóttir

Sigurveig Björnsdóttir